

## Hópuppsagnir í desember 2013 og á árinu 2013

3.janúar 2014

### Hópuppsagnir í desember 2013


Ein tilkynning um hópuppsögn barst Vinnumálastofnun í desember þar sem 24 manns var sagt upp störfum í fiskvinnslu á Suðurnesjum.

### Tilkynningar á árinu 2013

Á árinu 2013 bárust 11 tilkynningar um hópuppsagnir, þar sem sagt var upp 314 manns. Flestir hafa misst vinnuna í fiskvinnslu í hópuppsögnum á árinu 2013, 86 eða um 27% allra hópuppsagna og 84 í mannvirkjagreinum eða um 27%.

Mynd 1


Tilkynntar hópuppsagnir eftir atvinnugreinum á árinu 2013



Um 73% tilkynntra hópuppsagna á árinu 2013 voru á höfuðborgarsvæðinu, um 17% á Suðurnesjum og um 10% á Vestfirðum eins og fram kemur á mynd 2 hér að neðan.

**Mynd 2**


**Skipting hópuppsagna eftir landshlutum á árinu 2013**



Á mynd 3 má sjá að 142 þeirra hópuppsagna sem tilkynnt var um á árinu 2013 komu til framkvæmda á því ári en 172 á árinu 2014, þar af 67 í janúar 2014.

**Mynd 3**

**Hvenær hópuppsagnir sem tilkynntar voru árið 2013 koma til framkvæmda**



Í töflu 1 má sjá hvernig hópuppsagnir sem tilkynntar voru á árinu 2013 dreifðust á mánuði og hve mörgum var sagt upp í hverjum mánuði með hópuppsögnum. Engar hópuppsagnir voru tilkynntar í mars, apríl, maí og júlí.

**Tafla 1. Hvenær tilkynningar um hópuppsagnir á árinu 2013 bárust**


|             | <u>Uppsagnir</u> |             | <u>Tilkynningar</u> |             |
|-------------|------------------|-------------|---------------------|-------------|
|             | Fjöldi           | Hlutfall    | Fjöldi              | Hlutfall    |
| jan.        | 33               | 10,5%       | 2                   | 18,2%       |
| feb         | 30               | 9,6%        | 1                   | 9,1%        |
| mars        | 0                | 0           | 0                   | 0           |
| apríl       | 0                | 0           | 0                   | 0           |
| maí         | 0                | 0           | 0                   | 0           |
| júní        | 25               | 8%          | 1                   | 9,1%        |
| júlí        | 0                | 0           | 0                   | 0           |
| ágúst       | 27               | 8,6%        | 1                   | 9,1%        |
| sept.       | 32               | 10,2%       | 1                   | 9,1%        |
| okt.        | 51               | 16,2%       | 1                   | 9,1%        |
| nóv.        | 92               | 29,3%       | 3                   | 27,2%       |
| des.        | 24               | 7,6%        | 1                   | 9,1%        |
| <i>Alls</i> | <i>314</i>       | <i>100%</i> | <i>11</i>           | <i>100%</i> |

### Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2013

Alls komu 311 hópuppsagnir til framkvæmda á árinu 2013, um 142 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2013 en um 169 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2012. Á mynd 4 má sjá hve margar hópuppsagnir komu til framkvæmda í hverjum mánuði á árinu 2013.

#### Mynd 4

##### Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2013 úr tilkynningum sem bárust í lok árs 2012 og á árinu 2013



Samtals hefur 8.955 manns verið sagt upp í hópuppsögnum á 5 árum. Flestir misstu vinnuna á þriggja mánaða tímabili frá desember 2008 til febrúar 2009 og svo næstu 3 mánuði þar á eftir.

#### Mynd 5

##### Fjöldi tilkynntra hópuppsagna eftir árum 2008-2013

